

L Ö G

41

27. júní

um

breyting á lögum nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna
og ekkna þeirra.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 4. grein laga nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættis-
manna og ekkna þeirra, kemur ný málsgrein, er svo hljóðar:

Eftir sömu reglum fá starfsstúlkur landssímans endurgreidd iðgjöld sín,
er þær fara úr þjónustu símans, án þess að þeim sje vikið úr þjónustunni,
enda láti þær ekki af starfinu með rjetti til lífeyris samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.